

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2022

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu nr. 23/2013 (170. mál)

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu. Ráðið hefur lengi látið sig rekstrarumhverfi fjölmiðla varða og þá sérstaklega hvernig stjórnvöld hafa skekkt samkeppnisstöðu á markaðnum með rekstri eigin miðla. Frumvarpið er því skref í rétta átt fyrir stjórnvöld til að endurmeta aðkomu sína að fjölmiðlamarkaði. Frjáls fjölmiðlun hefur alla tíð staðið höllum fæti gagnvart Ríkisútvarpinu, bæði vegna skylduáskriftar að því og fyrirferð ríkismiðlanna á auglýsingamarkaði.

Markmið frumvarpsins er að jafna samkeppnisstöðu einkarekinna fjölmiðla gagnvart ríkisreknu fjölmiðlafyrirtæki með því að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði í tveimur skrefum. Viðskiptaráð styður þessa fyrirætlun heilshugar. Að mati ráðsins verður samkeppnisumhverfið í kjölfarið heilbrigðara og jafnara og auknar líkur standa til virkrar samkeppni. Í kjölfarið skapast Ríkisútvarpinu svigrúm til að sinna jafnvel betur menningarhlutverki sínu sem kveðið er á um í lögnum, án þess að þurfa að haga dagskráráherslum sínum þannig að þær laði að sér auglýsingar.

Vandi frjálsra fjölmiðla á Íslandi er mikill og aðkallandi. Þar snýst samkeppnin ekki eingöngu um auglýsingamarkað heldur almennt þá forgjöf sem Ríkisútvarpið hefur í krafti yfirburðastöðu sem ríkisvaldið veitir með því að tryggja því aðgang að almannafé með útvarpsgjaldinu. Íslenskir einkareknir miðlar eru ekki eingöngu í samkeppni við Ríkisútvarpið, heldur einnig við alþjóðlegar efnisveitur og sú samkeppni fer vaxandi. Eigi íslenskir framleiðendur dagskrárefnis að eiga kost á því til framtíðar að eiga aðra viðsemjendur en Ríkisútvarpið, og íslenskir neytendur val um fleiri valkosti, þarf því að skoða fleiri hliðar á samkeppnisumhverfi íslenskra fjölmiðla en það sem snýr að auglýsingamarkaði, þó það sé vissulega skref í rétta átt.

Viðskiptaráð hvetur til þess að frumvarpið nái fram að ganga.



Jón Birgir Elírksson
Sérfræðingur á lögfræðisviði Viðskiptaráðs Íslands